

Félagsmálanefnd Alþingis
B.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 9. desember 2004

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (5. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 17. nóvember 2004, varðandi umsögn um 5. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM styður frumvarpið og áréttar þá skoðun sína að ein vinnulöggjöf gildi í landinu og að félagsmálaráðherra fari „með mál, er varða: [...] - *Vinnu, þar á meðal:* - Stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm.” (Sjá 4. gr. C í forsetaúrskurði, sbr. auglýsingu nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.) Í þessu sambandi vísast til umsagnar BHM um 225. mál á 125. löggjafarþingi, dags. 25. janúar 2000. Þar til slík breyting hefur verið gerð er afstaða BHM sú að breyting á borð við þá, sem felst í frumvarpinu um sjálfkrafa afturvirkni kjarabóta við endurnýjun kjarasamninga, gildi jafnframt um kjarasamninga opinberra starfsmanna samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna – sem því þarf að breyta með sama hætti.

Í umsögn BHM um sama mál, dags. 29. nóvember 2002, var vitnað í skýrslu dr. Sveins Agnarssonar hagfræðings um áhrif þess að endurnýjun kjarasamninga aðildarfélaga BHM dróst um marga mánuði við síðustu kjarasamningsgerð, árin 2000-2001. Þar var sýnt fram á að dráttur þessi sparaði ríkissjóði 1.130 – 1.200 milljónir króna og því ljóst að nauðsynlegt er að tryggja með lögum að vinnuveitendur hafi ekki beinan hag af því að draga endurnýjun kjarasamninga. Í greinargerð með frumvarpinu er þetta rökstutt með tilvísun í kjarasamninga sjómanna en eins og að ofan greinir á þetta ekki síður við um t.d. opinbera starfsmenn. Að öðru leyti er vísað til greinargerðarinnar með frumvarpinu og tekið undir þau sjónarmið sem þar eru sett fram.

Til að tryggja sjálfkrafa afturvirkni kjarasamninga mætti sem best setja eftirfarandi efnisákvæði inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur og eftir atvikum lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna meðan þau sérlög gilda:


Nýr kjarasamningur gildir frá sama degi og eldri samningur fellur úr gildi og á það jafnt við um hækkun launaliða sem og önnur atriði sem bæta kjör launþega. Þetta ákvæði á þó ekki við hafi viðkomandi stéttarfélag átt í vinnudeilu og þarf í því tilviki að semja um gildistöku nýs samnings.

Með ákvæði sem þessu væri óbeint hvatt til friðsamlegra lausna í kjaradeilum. Sem dæmi um aðra leið til þess að tryggja sjálfkrafa afturvirkni mætti nefna eftirfarandi orðalag:

Sé ekki á annan veg samið gilda upphafshækkanir launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á frá sama degi og kjarasamningur fyrsta stéttarfélags í sömu heildarsamtökum við sama viðsemjanda.

Efnisregla á borð við þessa hefði þá kosti umfram tillögu flutningsmanns að í fyrsta lagi væri einungis stéttarfélögum innan heildarsamtaka tryggð sjálfkrafa afturvirkni kjarabóta og í öðru lagi væri tryggt að stéttarfélög hefðu þá ekki sjálfkrafa hvata til þess að draga endurnýjun kjarasamninga eins og viðsemjendur þeirra hafa að óbreyttum lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM,



Halldóra Friðjónsdóttir,
formaður BHM.